

Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf.

Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf. verður haldinn fimmtudaginn 17. mars 2022 kl. 16:30 með rafrænum hætti auk þess sem hluthöfum gefst kostur á að mæta til fundarins í höfuðstöðvum félagsins að Sundabakka 2, 104 Reykjavík.

DRÖG AÐ DAGSKRÁ

- Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári
- Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðð reikningsár
- Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2021
- Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum skv. gr. 11.2 í samþykktum félagsins
- Tillaga stjórnar um lækkunar hlutfjár að fjárhæð kr. 2.150.000 að nafnverði með greiðslu til hluthafa
- Tillaga um starfskjarastefnu félagsins
- Kosning stjórnar félagsins
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar
- Kosning endurskoðenda
- Önnur mál, löglega upp borin

REGLUR UM ÞÁTTTÖKU OG ATKVÆÐAGREIÐSLU Á FUNDINUM

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga, með skriflegum eða rafrænum hætti. Kröfu þar um skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, það er fyrir kl. 16:00 þann 7. mars 2022. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: www.eimskip.com/investors

Stjórn félagsins hefur ákveðið í samræmi við grein 4.4 í samþykktum félagsins að aðalfundur verði haldinn rafrænt og boðið verður upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum án þess að hluthafar séu viðstaddir á fundarstað í gegnum Lumi AGM tækniþúnaðinn. Mælt er með því að notast við Lumi appið eða tölvu og að nýjasta útgáfa af vafra sé uppsett (Chrome, Safari, Edge eða Firefox). Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinn og veitir rétt til þátttöku í honum að öðru leyti. Hluthöfum er einnig velkomið að mæta til fundarins í höfuðstöðvum félagsins að Sundabakka 2, 104 Reykjavík.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram í gegnum Lumi AGM. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins í höfuðstöðvum félagsins eða taka þátt með rafrænum hætti, eru hvattir til að hlaða niður appi Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM. Leiðbeiningar um Lumi og skráningu á fundinn verða settar á heimasíðu fundarins.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðin um að skrá sig á vefsíðu Lumi eigi síðar en kl. 12.00 þann 16. mars, eða degi fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á. Skráning er skilyrði fyrir þátttöku í fundarstörfum og miðast mæting við hana hvort sem hluthafar eru á staðnum eða taka þátt með Lumi.

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu sem er að nafnverði ein króna.

Hluthöfum stendur jafnframt til boða að kjósa um dagskrármál með skriflegum hætti eða veita umboð. Á vefsíðu félagsins má finna viðeigandi eyðublöð. Eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund þarf beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum hætti að berast félaginu.

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Athygli hluthafa er vakin á því að tilhögun fundarhalds verður í samræmi við gildandi sóttvarnareglur á aðalfundardegi og ákvæði hlutafélagalaga um hluthafafundi. Ef breyta þarf tilhögun fundarhalds verður tilkynnt um það í fréttakerfi Nasdaq Iceland fyrir aðalfund.

Fundurinn fer fram á íslensku. Skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund er að finna á vefsíðu félagsins: www.eimskip.com/investors

Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Sundabakka 2, 104 Reykjavík, virka daga milli kl. 9:00 og 16:00.

Endanleg dagskrá og tillögur stjórnar verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn á vefsíðu félagsins og liggja jafnframt frami á skrifstofu félagsins. Berist tillögur frá hluthöfum verða þær birtar a.m.k. þremur dögum fyrir fundinn ásamt uppfærðri dagskrá. Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 skal tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst tíu dögum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 þann 7. mars 2022. Framboðstilkynningu má nálgast á fjárfestasiðu félagsins. Upplýsingar um framþjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 17. febrúar 2022
Stjórn Eimskipafélags Íslands hf.